

greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

15. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir hafnarinnar samkvæmt 11. gr. greiði móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar en sendandi af vörum, sem fluttar eru frá höfninni.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farn sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Grímsey, nr. 120 14. september 1959, sbr. reglugerðir nr. 148/1970 og 285/1972.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

2. gr.

20. grein orðist þannig: Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

3. gr.

Greinar 21—31 falla niður og breytist röð eftirfarandi greina og kafla í samræmi við það.

4. gr.

1. setning í 2. málsgrein 33. gr., sem verður 22. gr., orðist þannig:

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum má ákveða þær af þremur óvillhöllum, dómkvöddum mönnum.

5. gr.

37. grein, sem verður 26. grein, orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 þúsund kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

G J A L D S K R Á

fyrir hafnarsjóð Grímseyjarhafnar.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Grímseyjarhöfn.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

- Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmlest.
- Strandferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest.
- Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmlest þó aldrei minna en kr. 2000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.